

100. fundur stjórnar VMÍ
Haldinn í fundaraðstöðu ÍBA í Íþróttahöllinni
Miðvikudaginn 18.apríl 2018 kl.18.00
Fundargerð



Mætt voru: Þórunn Sif Harðardóttir formaður, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Siguróli Magni Sigurðsson, Friðrik Einarsson og Margrét Ólafsdóttir.

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru samþykktar og undirritaðar.

1.Erindi Team23-Akureyri vegna Snocross-keppnishalds í Hlíðarfjalli á Iceland Winter Games dagana 23. - 24. mars 2018 – Erindið var tekið til umræðu og niðurstaðan að ekki er hægt að verða við beiðninni á þeim forsendum að félagið er ekki aðili að ÍSÍ.

2.Úthlutunarreglur styrkja VMÍ

Umræða fór fram um styrkveitingar VMÍ. Vinna þarf úthlutunarreglur og koma umsóknarferli á rafrænt form. Stjórn vinnur málið áfram og stefnt að því að ljúka þeirri vinnu í júní.

Punktur fyrir viðmiðunarreglur:

Umsækjendur þurfa að vera aðilar að ÍSÍ

Styrkt eru verkefni sem styðja við útbreiðslu og fræðslu sbr 1. grein

Umsókn skal fylgja fjármögnunaráætlun og fjárhagsáætlun og skal fjárhæð umsóknar miða við eigið framlag að hluta til.

Styrkþegar skulu geta styrkveitanda í útgefnu efni tengdu verkefninu.

Styrkjum er úthlutað við móttöku greinargerðar við lok viðkomandi verkefnis.

Allar umsóknir eru teknar til umfjöllunar á reglulegum fundum VMÍ

Öllum umsóknum verður svarað.

3.Önnur mál

Fjárhagsáætlun fyrir 2018 var samþykkt og undirrituð.

Heimasíðumál. Samþykkt var að bjóða sérsamböndunum s.s. Skíða- Skauta- og Íshökkísambandi, fara í samstarf með að setja efni á síðuna og deila. Þetta yrði tilraunaverkefni til eins árs.

Æskilegt að fréttaveitan styðji við markmið og reglur VMÍ um fræðslu og útbreiðslu.

Rætt var um að nýta heimasíðuna í markaðsáttak.

Siguróla var falið að setja meiri upplýsingar á heimasíðuna og veita ritara aðgang til þess að setja fundargerðir inn.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl.19.20.

Skv. 1.gr. Vetrariþróttamiðstöð Íslands, VMÍ, er þjónustustofnun sem hefur það meginhlutverk að efla vetrariþróttir, íþróttافرæðslu og útivist og stuðla þannig að heilbrigðu lífi og heilsurækt meðal almennings, svo sem skólafólks, fatlaðra og keppni- og afreksfólks í íþróttum með hefðbundnar vetrariþróttir, íþróttافرæðslu og útivist að leiðarljósi